

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 28. júní 2017  
2017050034/42-0  
TB  
jgo/tb

### Hvammsvirkjun, frummatsskýrsla, umsögn

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 19. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frummatsskýrslu mats á umhverfisáhrifum fyrir Hvammsvirkjun. Samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar nær frummatsskýrslan aðeins til umfjöllunar um ferðaþjónustu og útivist og landslag og ásýnd lands. Einnig er óskað eftir umsögnum um aðal- og deiliskipulag vegna sömu framkvæmdar eins og við á.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir frummatsskýrsluna. Eins og kemur fram hér að framan þá eru það fyrst og fremst ferðaþjónusta, útivist og landslag og ásýnd lands sem eru til umfjöllunar í skýrslunni. Ferðaþjónusta og útivist falla að öllu jöfnu ekki undir verksvið Náttúrufræðistofnunar nema í þeim tilfellum þegar fjallað er um áhrif þessara þátta á náttúrufar og náttúruverndargildi. Í frummatsskýrslunni er ekki fjallað um áhrif á náttúrufar heldur fyrst og fremst um hvaða áhrif Hvammsvirkjun gæti haft á ferðaþjónustu og útivist hvað varðar upplifun og hagræna þætti. Svo virðist að í ákvörðun um matsáætlun hafi ekki verið gert ráð fyrir að fjallað væri um náttúrufar í þessu samhengi s.s. truflun á dýralífi eða ágang á ákveðin svæði.

Hvað varðar landslag og ásýnd lands þá tengjast breytingar á þessum þáttum óneitanlega beint við t.d. röskun á jarðmyndunum, breytingum í vatnafari og breytingum vegna mannvirkja og tilbúins landslags s.s. vegna haugsetningu.

Að mati Náttúrufræðistofnunar gerir frummatsskýrslan vel grein fyrir flestum þáttum sem varðar framangreinda þætti. Þó er einn þáttur sem vantar betri umfjöllun um. Í kafla 2.7.2.5 á bls. 39 er fjallað um mótvægisáðgerðir, vegna ásýndar og frágangs á yfirborði eftir röskun þess en þar segir: „Loftmegin verður útlit garða fellt að landinu með viðeigandi gróðri eins og kostur er....." og síðan er vísað í kafla 5.7. Í kafla 5.7 er fjallað um uppgræðslu og ræktun trjágróðurs en hins vegar er ekki fjallað um það sem skiptir máli, fyrir utan ásýnd, en það er hvað er átt við með viðeigandi gróður. Á nokkrum stöðum í frummatsskýrslunni kemur fram að Viðey er friðlýst og að hún er friðlýst vegna birkis og annars náttúrulegs gróðurs sem vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Að mati Náttúrufræðistofnunar á það að vera alveg skýrt að mótvægisáðgerðir vegna ásýndar á land, uppgræðsla og skógrækt, verða að taka mið af því hvers vegna Viðey er vernduð. Mótvægisáðgerðir vegna ásýndar eiga því ekki að auka




hættuna á að bæði framandi og framandi ágengar tegundir geti borist í Viðey. Um þetta þarf að fjalla í matsskýrslu og í deiliskipulagi fyrir virkjunina. Einnig er óljóst í deiliskipulagi hvernig vernda á Viðey fyrir hugsanlegum ágangi dýra og manna, ef fært verður í eyrna vegna þess hve vatnsrennsli verður lítið í Þjórsá. Bæði þessi atriði þarf að leysa áður en skaðinn er skeður í samræmi við friðlýsingarskilmála um verndun Viðeyjar. Sjá jafnframt 54. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, *Starfsemi og framkvæmdir utan friðlýsts svæðis.*" en þar segir: „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði. Um aðra starfsemi og framkvæmdir gildir aðgæsluskylda skv. 6. gr.“

Á bls. 31 er setning sem er ekki vel skiljanleg en þar segir: „Núllkostur felur í sér afleiðingar þess að Hvammsvirkjun verði ekki byggð, meðan samfélagið heldur áfram að þróast og breytast.“ Á bls. 17. í deiliskipulagi segir hins vegar „Núllkostur gerir ráð fyrir því að Hvammsvirkjun verði ekki byggð. Við núllkost munu því náttúra, samfélag og umhverfi þróast áfram án þess að verða fyrir neikvæðum eða jákvæðum áhrifum sem fylgja virkjuninni.“ Síðari tilvitnunin er öllu skiljanlegri og eðlilegt að samræmi sé þarna á milli.

Að öðru leyti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við frummatsskýrsluna.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

